

64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fê til að kaupa fyrir flagg handa stiptamtmannhúsinu.

1865.
30. ágúst.

Í bréfi dagsettu 8. þ. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, farið þess á leit, að dómsmálastjórnin hlutist til um, að keypt verði dannebrogslagga með flaggstöng og flagglínu handa stiptamtmannhúsinu í Reykjavík.

Útaf þessu gefst yður til vitundar yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir leyft, að borga megi hluti þessa af fê því, er veitt er til óvissra gjalda handa Íslandi, og hefir Andresen, skipstjóri á gufu-póstskipinu Arktúrus, tekið að sér að annast það sem þörf er á í þessu efni.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Vigfúsar Öfjörðs.

30. ágúst.

Með bréfi 1. aprílmán. þ. á. hefir stiptamtíð sent hingað úrskurð með fylgiskjali, dagsettan 10. marzmán. s. á., um að maður nokkur, Vigfús Thorarensen Öfjörð að nafni, sé sveitlægur á Álptanes hrepp í Gullbringu sýslu, en sveitarstjórnin í hrepp þessum hefir látið sýslumanninn lýsa því yfir, að hún sé óánægð með úrskurð þenna. Hafið þér því lagt málið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður hérmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjöríð það, að úrskurður sá, er stiptamtíð hefir lagt á mál þetta, á óraskaður að standa.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um þakklætisávarp konungs fyrir samskotin handa þeim, er beðið hafa tjón af stríðinu.

30. ágúst.

Með bréfi þessu eru yður send, herra (tit.), 2 exemplör af

1865. umburðarbréfi innanríkisstjórnarinnar dagsettu 27. júnímán. þ. á.
30. ágúst. til þess að þér gjörð frekari ráðstafanir í því efni.

Umburðarbréfið er svo látandi:

Hans hátign konungurinn hefir ritað mér 23. þ. m. á þessa leið:

„Kristján hinn Níundi o. s. frv.

Vora einstaklega hylli!

Eptir að Vér höfum veitt móttöku skýrslu þeirri, er þú þegnsamlegast hefir gefið Oss, samkvæmt allrahæstu bréfi Voru 31. janúarmán. þ. á., viljum Vér allramildilegast gjöra þér kunnugt, að Vér með allrahæstri ánægju og viðurkenning metum það, hversu allir með sjaldgæfri greiðfýsi hafa keppzt á um að bæta eptir fremsta megni úr bágingum þeim, sem hið óheppilega stríð að mörgu leyti hefir verið olandi, og að Oss því finnst þörf á að lýsa því yfir, að Vér kunnum öllum þeim, sem unnið hafa að því að koma þessu til leiðar, beztu þakkir Vorar fyrir þjóðrækni þá, er þeir á þenna hátt hafa sýnt af sér.

Þetta bjóðum Vér þér að gjöra heyrum kunnugt.

Felandi þig guði!”

Þetta eruð þér bednir um, herra amtmaður, að kunngjöra öllum hlutaðeigendum¹ í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir.

Í innanríkisstjórninni 27. dag júnímán. 1865.

Tillisch.

Unsgaard.

30. ágúst. 67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk handa mönnum þeim, er sendir voru til fiskisýningarinnar í Björgvin.

Samkvæmt tilmælum yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi dagsettu 9. þ. m., er yður hér með til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin veitir samþykki sitt til þess, að þér hafið veitt þeim mönnum, er sendir hafa verið frá Reykjavík til fiskisýn-

¹) Frá Íslandi höfðu gefizt 1,718 rdl. 12 sk.